

Apótek/sjúkrahús/heildsala (endanlegur notandi)

UT-fyrirtæki /UT-deild

1 Ósk um tengingu við lyfjauðkenniskerfið (ICEMVS)

- a. Endanlegur notandi hefur samband við UT-fyrirtæki vegna uppsetningar hugbúnaðartengingar við ICEMVS

3 Samningur um tengingu við ICEMVS

- a. Endanlegur notandi fer inn á www.lyfjauðkenni.is og fyllir út beiðni um tengingu og staðfestir Ákvæði og skilmála fyrir notkun ICEMVS.
- b. Lyfjauðkenni yfirfer og staðfestir beiðnina.

5 Tenging við lyfjauðkenniskerfið (ICEMVS)

- a. Lyfjauðkenni sendir aðgangsupplýsingar og lykilorð fyrir ICEMVS til endanlegs notanda.
- b. Endanlegur notandi stofnar reikning og skráir sig inn í ICEMVS.
- c. Stofnaður er ofurnotandi (super-user) sem er ábyrgur fyrir tæknilegri tengingu annarra hjá endanlegum notanda við ICEMVS. Ofurnotandinn útbýr Client ID og lykilorð fyrir notendur.
- d. Endanlegur notandi afhendir upplýsingar um Client ID og lykilorð til UT-fyrirtækis með öruggum hætti.
- e. Nánari upplýsingar um tengingu við lyfjauðkenniskerfið má finna [hér](#).

Öflun tæknilegra upplýsinga og forritaskila (API)

2

- a. UT-fyrirtækið hefur samband við Solidsoft Reply um netfangið: icemvo.support@reply.com
- b. UT-fyrirtækið undirritar trúnaðaryfirlýsingu við Solidsoft Reply.
- c. Solidsoft Reply veitir UT-fyrirtæki aðgang að tæknilegum upplýsingum og forritaskilum.
- d. UT-fyrirtækið þróar hugbúnaðarlausn við ICEMVS.

Tæknileg vottun á hugbúnaðarlausn við ICEMVS

4

- a. UT-fyrirtækið hefur samband við Lyfjauðkenni um netfangið: info@lyfjauðkenni.is sem skráir nafn fyrirtækis, hugbúnaðarlausn, tengilið og netfang.
- b. UT-fyrirtækið hefur samband við Solidsoft Reply um netfangið: icemvo.support@reply.com og óskar eftir vottun hugbúnaðarlausnar.
- c. Solidsoft Reply afhendir UT-fyrirtæki prófgögn og tvívíð strikamerki til skönnunar (Self-Certification).
- d. UT-fyrirtækið framkvæmir prófun og sendir niðurstöður til baka til Solidsoft Reply.

Nánari upplýsingar um prófunina má finna [hér](#).
- e. Solidsoft Reply dregur saman niðurstöður prófana og sendir til Lyfjauðkennis sem úrskurðar um niðurstöður prófanna og heimilar tengingu við ICEMVS.

Tenging við lyfjauðkenniskerfið (ICEMVS)

5

- e. Með hjálp Client ID og lykilorðs tengir UT-fyrirtækið kerfi endanlegs notanda við ICEMVS.
- f. Endanlegur notanda er nú tengdur við ICEMVS.